



Borgarstjórn

**Viðauki við fjárhagsáætlun 2016 vegna breytinga á útsvarstekjum og aðgerða í skólamálum****1. Viðauki vegna hækkunar á útsvarstekjum**

Lagt er til að tekjuáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2016 verði endurskoðuð til hækkunar um 1.300.000 þkr. vegna endurskoðunar á áætluðum útsvarstekjum. Þessi tekjuauki verði færður á kostnaðarstað 09205 Ófyrirséð. Breytingin hefur eftirfarandi áhrif á A-hluta Reykjavíkurborgar:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00100	Skatttekjur	Kredit	-1.300.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Debet	1.300.000
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

**2. Viðauki vegna aðgerða í skólamálum**

Lagt er til að útgjaldaheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um samtals 925.932 þkr. í samræmi við Aðgerðaáætlun í skólamálum, dags. 14. sept. sl. og lögð var fram í borgarráði og samþykkt þann 15. sept. sbr. mál nr. R16090072. Samtals verði 815.197 þkr. fjármagnað af liðnum ófyrirséð kostnaðarstað 09205, en 110.735 þkr. fjármagnað með hækkun fæðisgjalda í leikskólum og grunnskólum.

Tillagan felur í sér að ráðstafað verði 149.644 þkr. til útgjalda í langtímaveikindi í leikskólum, ráðstafað verði 110.410 þkr. til útgjalda í sérkennslu í leikskólum, ráðstafað verði 123.286 þkr. til útgjalda í langtímaveikindi í grunnskólum, ráðstafað verði 138.156 þkr. til útgjalda í sérkennslu í grunnskólum og að ráðstafað verði 156.995 þkr til skólaaksturs fatlaðra nemenda í grunnskólum.

Tillagan felur í sér að tekjur í leikskólum hækki um 37.793 þkr. og að tekjur grunnskóla hækki um 72.942 þkr. vegna hækkunar á fæðisgjaldi. Dregið verði úr áhrifum hagræðingaraðgerða um 45.000 þkr og samtals aukist framlög til hráefniskaupa um 155.735 þkr. vegna þessa.

Tillagan felur í sér að framlag til kaupa á námsgögnum verði hækkað um sem nemur 6.900 þkr í haust, að framlag til faglegs starfs og aukins undirbúningstíma í leikskólum nemi 24.806 þkr. og að framlag til faglegrar stjórnunar í grunnskólum nemi 60.000 þkr.

Svið	Kostn.st.				Fjárhæð (þkr.)
SFS	D417	LEIK	Langtímaveikindi í leikskólum	Til	149.644
SFS	D011	LEIK	Sérkennsla í leikskólum	Til	110.410
SFS	M2201	GRUNN	Langtímaveikindi í grunnskólum	Til	123.286
SFS	M2206	GRUNN	Sérkennsla í grunnskólum	Til	138.156
SFS	M2223	GRUNN	Skólaakstur fyrir fatlaða nemendur	Til	156.995
SFS	xxxx	LEIK	Tekjuhækkun hjá leikskólum	Kredit	-37.793
SFS	xxxx	GRUNN	Tekjuhækkun hjá grunnskólum	Kredit	-72.942
SFS	xxxx		Aukið framlag til hráefniskaupa	Debet	110.735
SFS	xxxx		Lækkuð hagræðingarkrafa vegna hráefniskaupa	Debet	45.000
SFS	xxxx	LEIK	Framlag til námgagna í leikskólum	Til	6.900
SFS	xxxx	LEIK	Framlag til faglegs starfs í leikskólum	Til	24.806
SFS	xxxx	GRUNN	Framlag til faglegrar stjórnunar í grunnskólum	Til	60.000
ÖNN	09205		Ófyrirséð	Frá	-815.197
				<b>Samtals</b>	<b>0</b>

### 3. Framkvæmd


Lagt er til að fjármálastjóra verði falið að útfæra breytingarnar í tillögum 1-2 nánar á þjónustubætti og kostnaðarstaði.

Tillögurnar hafa ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða sjóðstreymi Aðalsjóðs, A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar og þarfnast ekki jafnréttismats.

#### Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur verði 1.300 mkr yfir upphaflegri áætlun ársins sem skýrist af hækkun launa umfram forsendur áætlunar. Árið 2015 reyndist hækkun launa vera 0,8%-stigum meiri en gert hafði verið ráð fyrir í útkomuspá ársins og árið 2016 er áætlað að hækkun launa verði um 2%-stigum yfir forsendum fjárhagsáætlunar í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 27.maí sl. Samkvæmt mati fjármálaskrifstofu aukast útsvarstekjur um u.þ.b. 450 mkr fyrir hvert %-stig sem laun hækka.

Um einstaka liði aðgerðaráætlunar í skólamálum er vísað til tillögu borgarstjóra sem samþykkt var í borgarráði 15. sept. 2016.



Dagur B. Eggertsson